

Koma Rutherfords og koma Baldurs

I.

Furðulítið hefir hjer í blöð-
um sjest ufr. komu þerra
Rutherfords og Frasers, þegar
þess er gætt, hve stórmerkilegan
viðburð er um að ræða. Vilji
menn bera því við, að ástæður
sjeu nú þannig hjer á landi, að
ekki sje við því að búast, að menn
láti sjer títt um það, sem ekki
snertir atvinnu- og afkomunál,
þá er þar til að segja, að það
mundi óefað hafa stórmikla þýð-
ingu einnig í þeim efnum, ef
Rutherford tækist að koma fram
þeirri skoðun, sem hann hefir á
íslensku þjóðinni. Það þarf ekki
að efa, að verði alment lítið svo
á, út um heiminn, að Ísland sje
rjettnefnt landið helga, þá mundi
það verða þjóðinni margra milj-
óna virði, svo margra, að unt yrði
að vinna bug á íslenskri fátækt
og framkvæma miklu fleira laf
því, sem nauðsynlegt er til þjóð-
þrifa. En enginn, sem hefir veitt
því eftirtekt, hve greinilega hefir
komið í ljós við lítið eitt batn-
andi ástæður, að þjóðin er ódrep-
in enn, og að hjer gæti orðið hið
glæsilegasta fólk, mun geta ann-
að en óskað þess af alhug, að á-
stæður til þjóðarþroska verði hjer
nægilega góðar.

II.

Og enn er á það að líta í þessu
sambandi, að yfir vofa nú hjer
hin hörmulegustu tíðindi, ef ekki
tekst að sigrast alveg á „Íslands
óhamingju“ og komast á gæfu-
leið. Jónas Hallgrímsson, sem ó-
efað var einn af ágætustu mönn-
um sinnar samtíðar, þó að hon-
um væri hjer ekki líft, spáði því,
að þess mundi auðið verða. En
breytingin þolir ekki eins langa
bið og hann gerði ráð fyrir. Ann-
ar maður, sem einnig var í tölu
hinna ágætustu snillinga sinnar
þjóðar, William Morris, kendi
Baldur sjerstaklega við Ísland og
sagði, að hjerna hjá oss væri komu
hans að vænta. En svo segir hin
forna spá, að með komu Baldurs
muni bül alt batna. Og loks hef-
ir svo Adam Rutherford, sem svo
margir meðal vor hafa nú af eig-
in sjón og reynd getað sannfærst
um að er ágætismaður, fært oss
þann boðskap, að hin mikla breyt-
ing til batnaðar sje skamt undan.

Leu
ni
er
get
LI

III.

Jeg get með vissu sagt hvað það er, sem er alveg nauðsynlegt, ef hin mikla breyting á að geta hafist, og vor litla þjóð á nokkurn hátt á að geta orðið öllu mannkyni til forustu og fyrirmyndar. Veik jeg á þetta mál nokkru nánar en jeg hafði áður gert, í þrem erindum, sem jeg flutti hjer í maí-mánuði, og mun gera enn ræki-legar í bók, sem kemur þegar á-stæður leyfa og menn fara að reynast sannleikanum nokkru betur en hingað til. En þar vantar jafnvel átt við erfiðleika að stríða sem stofnað hafa verki mínu og lífi í fulla tvísýnu og ótrúlegt mundi þykja, að orðið gætu á leið manns hjer á Íslandi. En í fullu samræmi er slíkt við ýmsa þá atburði í vitkumarsögu mannkynsins, sem mest hafa orðið til tafar. En það er eitt af aðal-einkennum helstefnunnar, að reynast engum ver en einmitt þeim, sem helst hafa hug á að finna þann sannleik, sem ekki verður án verið, ef mannkynið á að geta komist af helvegi og yfir á hinn.

Helgi Pjeturss.

Nbl.

1939

Laugardagur 17. júní 1939.